

Fundargerð 347. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg og í beinu streymi
Fundardagur: Þriðjudagur 1. september 2026
Fundartími: 17:00-18:15
Fundarmenn: Árni Eiríksson
Hulda Kristjánsdóttir
Hrafnhildur Helga Guðmundsdóttir
Hjalti Guðmundsson
Almar Sigurðsson
Ágúst Hjálmarsson undir lið nr. 6

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 331, dags. 26.08.2026

a) Austurvegur 69F L239260; Viðbótarland; Breytt stærð lóðar – 2608021

Lögð er fram umsókn ásamt merkjalýsingu dags. 21.07.2026, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stækkun lóðar. Óskað er eftir að stækka lóðina Austurvegur 69F, L239260 um 1.213 m² úr Laugardælur land, L206114. *Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps geri ekki athugasemd við erindið.*

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagða merkjalýsingu skv. ofangreindri bókun skipulagsnefndar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Skálatjörn lóð 5 L213794, 6 L213793 og 7 L201305; Broddaborg, Broddaborg 2 og Broddaborg 3; Breytt heiti lóða – 2608023

Lögð er fram umsókn um breytingu á skráningu lóða. Óskað er eftir að lóðirnar Skálatjörn lóð 5 L213794, 6 L213793 og 7 L201305 fái heitin Broddaborg, Broddaborg 2 og Broddaborg 3. *Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við heitin Broddaborg, Broddaborg 2 og Broddaborg 3 skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða umsókn um breytingu á skráningu lóða og að lóðirnar Skálatjörn lóð 5 L213794, 6 L213793 og 7 L201305 fái heitin Broddaborg, Broddaborg 2 og Broddaborg 3.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Mýrar 4 L238879; Fagurmýri; Breytt heiti lóðar – 2608027

Lögð er fram umsókn um breytingu á skráningu lóðar. Óskað er eftir að lóðin Mýrar 4 L238879 fái heitið Fagurmýri. *Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við heitið Fagurmýri skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða umsókn um breytingu á skráningu lóðarinnar Mýrar 4 L238879 og að hún fái heitið Fagurmýri.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) **Mýrar 6 L238881; Fagurmýri 1; Breytt heiti lóðar – 2608028**

Lögð er fram umsókn um breytingu á skráningu lóðar. Óskað er eftir að lóðin Mýrar 6 L238881 fái heitið Fagurmýri 1.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við heitið Fagurmýri 1 skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða umsókn um breytingu á skráningu lóðarinnar Mýrar 6 L238881 og að hún fái heitið Fagurmýri 1.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. **Afgreiðslur byggingarfulltrúa UTU bs. nr. 259, dags. 19.08.2026 og nr. 260, dags. 26.08.2026**

Lagðar fram til kynningar.

3. **Skipurit Flóahrepps**

Fyrir liggur uppfært skipurit Flóahrepps til samþykktar í sveitarstjórn. Í uppfærðu skipuriti hefur byggðasamlögum verið bætt við og deildinni félagsmiðstöð. Umsjónarmaður fasteigna breytist forstöðumann fasteigna. Í uppfærðu skipuriti kemur á skýrari hátt fram hvaða deildir falla beint undir sveitarstjóra og hvernig starfsmenn hvernar deildar falla ýmist undir stjórnendur eða forstöðumann.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt skipurit fyrir sveitarfélagið og felur sveitarstjóra að kynna það fyrir stjórnendum og starfsmönnum sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. **Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um leyfi til reksturs gististaðar í flokki IV – D Gistiskáli**

Fyrir liggur að umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um rekstrarleyfi í flokki IV (D), Gistiskáli, frá Gauta Sigurðssyni fyrir hönd Bitra hótél ehf, kt. 610708-0720 á landeigninni Bitra land, (F220 0716).

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við að veitt verði leyfi í rekstrarflokki IV (D) Gistiskáli á landeigninni Bitra land F220 0716.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. **Frá faghópi 3 í rammaáætlun – Álit sveitarstjórna á vindorkuhugmyndum sem er til umfjöllunar í 6. áfanga rammaáætlunar**

Fyrir liggur erindi frá faghópi 3 í rammaáætlun þar sem óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar Flóahrepps um virkjunarhugmyndir vegna vindorkuvirkjunar, Mosfellsheiðarvirkjun I og II sem nú eru til umfjöllunar í 6. áfanga rammaáætlunar. Í erindinu kemur fram að Flóahreppur sé innan skilgreinds áhrifasvæðis virkjunarhugmyndarinnar og að litið verði til sjónarmiða sveitarfélagsins við mat á samfélagsáhrifum framkvæmdarinnar.

Sveitarstjórn Flóahrepps ræddi erindi faghóps 3 í rammaáætlun þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins um samfélagsáhrif vindorkuhugmyndanna Mosfellsheiðarvirkjanir I og II. Í erindinu kemur fram að Flóahreppur sé innan þess áhrifasvæðis sem miðað er við í mati faghópsins og að leitað sé eftir sjónarmiðum sveitarfélagsins um möguleg áhrif framkvæmdarinnar á nærsamfélagið.

Sveitarstjórn bendir á að hún hefur ekki áður tekið formlega afstöðu til vindorkunýtingar almennt. Að mati sveitarstjórnar snýst það erindi sem hér er til umfjöllunar ekki fyrst og fremst um það hvort sveitarfélagið styðji eða hafni vindorku sem orkukosti eða um staðsetningu vindorkuvera almennt, heldur hvort fyrirhugaðar Mosfellsheiðarvirkjanir I og II hafi áhrif á samfélag Flóahrepps.

Með hliðsjón af fjarlægð fyrirhugaðs vindorkuvers frá Flóahreppi telur sveitarstjórn að bein áhrif á íbúa sveitarfélagsins verði takmörkuð. Ólíklegt sé að hávaðaáhrif nái til sveitarfélagsins og sveitarstjórn telur einnig að sjónræn áhrif verði takmörkuð fyrir stærstan hluta byggðar í Flóahreppi. Þau áhrif sem helst komi til álita séu því sjónræn áhrif á einstökum stöðum þar sem mannvirkin kunna að vera sýnileg.

Sveitarstjórn bendir jafnframt á að ástæða þess að Flóahreppur fái málið til umsagnar sé meðal annars sú að sveitarfélagið fellur innan þess rúðs sem rætt hefur verið um sem mögulegt áhrifasvæði vegna tekjuskiptingar eða annarra fjárhagslegra áhrifa tengdra vindorkuframleiðslu. Hins vegar liggur enn ekki fyrir endanlegt regluverk um skattlagningu orkumannvirkja né hvernig mögulegum tekjum af slíkri starfsemi verður ráðstafað eða skipt milli sveitarfélaga. Í ljósi þeirrar óvissu telur sveitarstjórn ekki tímabært að móta stefnu um frekari uppbyggingu nýrra orkumannvirkja eða taka afstöðu til einstakra verkefna á grundvelli hugsanlegs samfélagslegs ávinnings fyrir en þær forsendur liggja skýrt fyrir.

Sveitarstjórn telur mikilvægt að áður en ákvörðun er tekin um frekari uppbyggingu vindorkuvera liggi fyrir skýrt og fyrirsjáanlegt laga- og skattalegt umhverfi sem tryggji réttláta skiptingu þeirra tekna sem starfsemin kann að skapa og skýri stöðu þeirra sveitarfélaga sem teljast vera innan áhrifasvæðis slíkra mannvirkja.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að setja saman formlega umsögn sem tekin verði fyrir á fundi sveitarstjórnar 15. september og í kjölfarið send til faghóps 3 í rammaáætlun.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Frá fulltrúum Framfaralistans – Landamerkjagirðing á milli Þingborgar L166286 og Lambastaða lands 1 L199637

Almar Sigurðsson fulltrúi T-listans tilkynnti um vanhæfi við meðferð og afgreiðslu máls og vék af fundi. Varamaður T-listans, Ágúst Hjálmarsson, tók sæti á fundinum.

Fyrir liggur tillaga frá Framfaralistanum þar sem lagt er til að reist verði fjárheld girðing á mörkum lands sveitarfélagsins og jarðanna Þingborgar (L166286) og Lambastaða lands 1 (L199637). Girðingin verði lögð frá veghelgunarsvæði Hringvegar (1) að Hrórsholtslæk, alls um 700-750 metra og bætast því við um 450 metrar við þá landamerkjagirðingu sem landeigendur Lambastaða land 1 (L199637) óskuðu eftir að yrði endurnýjuð á landamörkum vegna bágs ástand girðingar. Sveitarstjórn samþykkti þá ósk á fundi sínum 16. september 2025 en framkvæmdin hefur ekki hafist að óska landeigenda Lambastaða lands 1. Markmið framkvæmdarinnar er að takmarka ágang búfjár og tryggja skýra afmörkun á landi sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að samráð verði haft við landeigendur Lambastaða lands 1 (L199637) um hugsanlega landamerkjagirðingu á milli landeigna. Stefnt sé á að framkvæmdum við girðingu sé lokið haustið 2027. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að senda bókun sveitarstjórnar á landeigendur Lambastaða lands 1 og eiga frekara samtal vegna málsins.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

Ágúst Hjálmarsson sat hjá við afgreiðslu málsins.

Ágúst Hjálmarsson leggur fram eftirfarandi bókun:

Ábúendum Lambastaða þykir miður sá tónn og sú nálgun sem lögð er til í þessu máli. Hingað til hefur fát benti til þess til að ágangur sauðfjár hafi verið til vandræða eða valdið nokkru tjóni fyrir en í tölvupóstssamskiptum frá sveitarstjóra 26. ágúst. sl. Landeigendur hafa aldrei í sumar fengið ábendingu eða kvörtun frá skrifstofu sveitarfélagsins fyrir en umræddan dag.

Í erindi sem Framfaralistinn leggur fyrir sveitarstjórnarfund er lagt til að reisa fjárhelda girðingu á mörkum lands sveitarfélagsins við Þingborg L166386 og Lambastaða lands 1 L199637. Í framlagðri tillögu Framfaralistans, sem sveitarstjóri sveitarfélagsins tekur þátt í, er lögð fram umfangsmikil framkvæmd og íþyngjandi kostnaður í girðingamálum.

Í 5. gr. girðingalaga nr. 135/2001 er gert ráð fyrir að þegar er fyrirhuguð lagning girðingar á lóðarmörkum eigi sér stað samráð, í því felst að aðilar komist sameiginlega að niðurstöðu um framkvæmd og tilhögun framkvæmdarinnar, slíkt samráð hefur ekki átt sér stað. Náist ekki sátt um framkvæmdina, kostnaðarskiptingu eða annað gilda ákvæði 7. gr. girðingalaga. Sveitarfélagið er jafnstætt lögaðilum við samningsborðið og hefur ekki yfirhöndina í því hvernig framkvæmd og kostnaði skuli háttað, líkt og erindi Framfaralistans ber með sér.

Eigi sér ekki stað samráð um framkvæmdina getur landeigandi, sem ekki fær notið réttar síns um samráð við slíka framkvæmd, farið fram á að vera undanþeginn greiðsluskyldu. Þá njóta landeigendur andmælaréttar samkvæmt stjórnsýslulögum og geta komið sínum sjónarmiðum á framfæri áður en íþyngjandi ákvarðanir eru teknar um íþyngjandi fjárhagslegar skuldbindingar.

Engin almenn lagaskylda hvílir á landeiganda að girða á milli landareigna, nema þegar um búskap er að ræða. Á þessum tímapunkti væri etv. hollt að eiga samtalið um hvort að búskapur verði áfram fyrirhugaður á landareigninni.

Skorað er á fulltrúa Framfaralistans að framfylgja góðum stjórnsýsluvenjum og fylgja þeim almennu stjórnsýslureglum sem gilda um málsmeðferð á stjórnsýslustigi. Skortur á samtali og samráði er ekki í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti.

7. Erindi frá Ágústi Hjálmarssyni og Telmu Halldórsdóttur – Ósk um breytingu á aðalskipulagi í Dalsmynni

Fyrir liggur erindi frá Ágústi Hjálmarssyni og Telmu Halldórsdóttur þar sem óskað eftir því að heimild til efnistöku úr efnisnámu E11 í landi Dalsmynnis aukist úr 50.000 m³ í 90.000 m³. Einnig er óskað eftir því að sett verði inn í nýtt aðalskipulag heimild fyrir fjórum smáhýsum upp að 30 m², tengd ferðabjónustu og tvö 100m² gróðurhús á steiptum sökklí í atvinnuskyni. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að vísa framlögðu erindi til endurskoðunar aðalskipulags sveitarfélagsins. Sveitarstjórn bendir á að landeigendur þurfa að skila inn upplýsingum um frekari afmörkun svæðis varðandi efnistöku, smáhýsi og gróðurhús fyrir vinnslutillögu aðalskipulags sem stefnt er að því að auglýsa í október 2026.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Samþykkt um fráveitur í Flóahreppi – þriðja umræða

Fyrir liggja samþykktir um fráveitur í Flóahreppi til þriðju umræðu eftir ábendingar um lagfæringar frá Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu. Viðbrögð við ábendingum liggja fyrir í gögnum málsins. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagðar samþykktir um fráveitur í Flóahreppi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Erindi frá T-listanum – Ráðning tómstundafulltrúa í Flóahreppi

Fyrir liggur erindi frá T-listanum um ráðningu tómstundafulltrúa í hlutastarf sem hafi umsjón með viðburðum, heilsueflingu og tómstundastarfi fyrir ungmenni og eldri íbúa Flóahrepps. Einnig er lagt til að skipulagðar verði íþróttæfingar fyrir eldri íbúa og að keyptur verði nauðsynlegur búnaður til þeirra.

Sveitarstjórn tekur jákvætt undir markmið erindisins um að efla tómstunda- og heilsueflandi starf í sveitarfélaginu enda er slíkt í samræmi við stefnuskrár beggja lista fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa erindinu til frekari umfjöllunar í lýðheilsu- og menningarnefnd til að greina betur hlutverk, markmið og helstu verkefni. Sveitarstjóra falið að vinna kostnaðarmat vegna mögulegrar ráðningar, aðstöðu og búnaðarkaupa.

Niðurstöður verði lagðar fyrir sveitarstjórn til frekari umræðu og ákvörðunar við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. Fundargerðir

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 346, dags. 18.08.2026
- b) Stjórnar Byggðasafns Árnesinga nr. 1, dags. 20.08.2026
- c) Stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga nr. 220, dags. 25.08.2026
- d) Stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. dags. 25.08.2026 ásamt erindisbréfi stýrihóps um innleiðingu farsældarlaga

Varðandi lið nr. 4 í fundargerð þá gerir sveitarstjórn Flóahrepps ekki athugasemdir við framlagt erindisbréf stýrihóps um innleiðingu farsældarlaga og felur sveitarstjóra að kynna það fyrir fulltrúum Flóahrepps í stýrihópnum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

11. Efni til kynningar

- a) Frá Orkugerðinni – staða mála vegna lyktareyðingar og endurbóta
- b) Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 8.-9. október í Reykjavík
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að bjóða starfsmönnum skrifstofu Flóahrepps til að taka þátt í Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga dagana 8.-9. október í Reykjavík ásamt sveitarstjórn. Sveitarstjórn samþykkir að skrifstofa sveitarfélagsins verði lokuð þessa tvo daga.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- c) Ársþing SASS 29.-30. október á Hvolsvelli
- d) Frá UMFÍ – Ungt fólk og lýðheilsa 2026
- e) Frá Samgöngustofu – Umferðarþing Samgöngustofu 2026
- f) Frá Náttúruhamfaratryggingu Íslands – Áminning um skipulag byggðar á þekktum hættusvæðum
- g) Næsti fundur sveitarstjórnar verður þriðjudaginn 15. september kl. 17:00 í Þingborg.

12. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók.

Árni Eiríksson (sign)
Hjalti Guðmundsson (sign)
Almar Sigurðsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)
Hrafnhildur Helga Guðmundsdóttir (sign)
Ágúst Hjálmarsson (sign)